

14. janúar 2010  
Dags. yðar: 28. desember 2009  
SI-59927

Nefndasvið Alþingis  
nefnasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og ýmsum öðrum lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, 218. mál.

Með tölvupósti dags. 28. desember 2010, óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur m.a. fram að það hafi verið lagt fram á 136. löggjafarþingi 2008-2009 en hafi ekki verið afgreitt úr efnahags- og skattanefnd fyrir þinglok. Þá segir enn fremur að frumvarpið sé nú lagt fram að nýju lítillega breytt með hliðsjón af þeim athugasemdum sem efnahags- og skattanefnd bárust frá hagsmunaaðilum.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis óskaði þá eftir umsögn Seðlabankans um nefnt frumvarp og sendi bankinn nefndinni umsögn sína í bréfi frá 9. mars 2009, þar sem tekið var fram að bankinn gerði ekki athugasemdir við frumvarpið.

Í samræmi við fyrri umsögn sína gerir Seðlabanki Íslands ekki heldur athugasemdir við frumvarp það sem nú liggur fyrir.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir  
aðallögfræðingur

*Fylgiskjal:* Umsögn Seðlabanka Íslands til efnahags- og skattanefndar frá 9. mars 2009 um fyrra frumvarpið.